

KLAMBRAR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Janúar 2018

Inngangur	4
Leikskólinn Klambrar	4
Greining	5
Stjórnun - samantekt	7
Styrkleikar	7
Tækifæri til umbóta	7
Uppeldis og menntastarf.....	9
Styrkleikar	9
Tækifæri til umbóta	9
Mannauður	10
Styrkleikar	10
Tækifæri til umbóta	10
Leikskólabragur	11
Styrkleikar	11
Tækifæri til umbóta	11
Innra mat	12
Styrkleikar	12
Tækifæri til umbóta	12
Viðmiðaraminn	13

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Ásdís Olga Sigurðardóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Klambrar sem fram fór í janúar 2018. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í janúar 2018 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 15.-19. janúar. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN KLAMBRAR

Leikskólinn Klambrar tók til starfa árið 2002 og er staðsettur við Háteigsveg 33, 105 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 4 deildir og 67 börn voru á leikskólanum í janúar 2018. 1-2 ára börnin eru á Hlíð og 3 ára börnin eru á Holti, 3-4 ára börn eru á Túni og 5-6 ára börn eru á Teigi.

Leikskólastjóri er Jónína Lárusdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Þórunn Júlíusdóttir.

Við leikskólann starfa 24 starfsmenn í 22 stöðugildum, þar með talin leikskólastjóri, starfsmenn í eldhúsi og afleysingum. Stjórnunarhlutfall á Klömbum er 130%. Þrír starfsmenn eru með leikskólakennaramenntun, þar af eru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri í 50% starfshlutfalli, þrír með grunnskólakennaramenntun, einn með próf í þroskaþjálfrafræðum, einn með próf í uppeldis – og menntunarfræðum, sex með aðra háskólamenntun, tveir leikskólaliðar og átta leiðbeinendur. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri (50%) eru leikskólakennarar. Sérkennslustjóri (75%) er með þroskaþjálfamenntun. Þrír karlmenn eru við störf í leikskólanum. Starfsmannavelta hefur verið mikil undanfarin ár í Klömbum.

Styrkleikar

Stefna leikskólans og markmið endurspeгла að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna. Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð í starfinu. Stjórnendateymi skipuleggur og samhæfir störf starfsfólks í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir.

Í gögnum kemur fram að lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð. Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans. Leikskólastjóri hvetur til og veitir svigrúm fyrir þróunarstarfi í leikskólanum og hefur forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár. Í starfsáætlun eru birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast.

Húsnæðið gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist. Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingaleitar. Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum. Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi. Teymi er myndað um börn með alvarleg frávík. Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis.

Leikskólakennarar/deildarstjórar bera ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra. Starfsfólk er ánæggt með markmið og stefnu leikskólans og er stolt af starfi sínu. Starfsfólk hefur trú á gæðum leikskólastarfsins og telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt. Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum.

Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum. Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

Tækifæri til umbóta:

Stjórnendur sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni helstu hagsmunaaðila. Unnið verði eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna. Stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu.

Í skólanámskrá verði birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast. Við gerð skólanámskrár verði samráð við börn og foreldra eftir því sem við á.

Starfsmannhandbók verði gerð og uppfærð reglulega. Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggi fyrir og séu aðgengilegar öllum. Áætlun byggð á læsisstefnu verði gerð og unnið verði eftir henni. Framkvæmdaáætlun um jafnrétti, byggð á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar liggi fyrir og unnið verði eftir henni.

Að börnin fái tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins og á viðfangsefni skipulagðra stunda. Að ánægja, áhugi og líðan yngri barna séu nýtt sem vísbinding í mati á leikskólastarfi. Leita leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu.

Unnið verði markvisst með heimamenningu barna. Verkferlar vegna sérfræðipjónustu verði skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum.

Áætlun verði gerð um mat á námi og velferð barna og reglulegar skráningar verði gerðar á framförum allra barna. Að mat á námi og stöðu barna byggji á samvinnu leikskóla og foreldra. Börn taki þátt í að meta nám sitt og fái tækifæri til að setja sér markmið. Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipluleggja næstu skref í starfi með þeim.

Leiðbeinendur á deildum fái reglulega endurgjöf og leiðsögn. Leikskólakennarar veiti foreldrum ráðgjöf og fræðslu þegar við á. Reglur verði skýrar, samræmdar og sýnilegar svo að börn þekki þær og börn verði þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við.

Fundir foreldraráðs verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólahald og leikskólaþróun verði lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar.

Í skólanámskrá verði fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf. Mat á starfsháttum fari fram reglulega og öll markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti. Í greinargerð um innra mat verði fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun og gætt verði að því að innra matið byggji á margvíslegum gögnum. Starfsfólk leikskólans og foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsöröðun í innra mati. Að samræður um niðurstöður innra mats eigi sér stað um þróun og umbætur og allir hagsmunaaðilar komi að því samtali (starfsfólk, foreldrar og börn).

Í greinargerð um innra mat verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Niðurstöður úr innra mati verði formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum og að umbótaáætlanir verði birtar á heimasíðu leikskólans.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Í viðmiðum um stjórnun er fjallað um stjórnandann sem faglegan leiðtoga, stjórnun leikskólans og daglegan rekstur, faglegt samstarf, leikskólaþróun og símenntun, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

STYRKLEIKAR

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð í starfinu
- Stefna leikskólans og markmið endurspegla að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna
- Starfsfólk þekkir stefnu leikskólans og getur nefnt dæmi um hvernig það vinnur að henni
- Starfsfólk finnur að framlag þeirra til leikskólans er metið
- Stjórnendateymi skipuleggur og samhæfir störf starfsfólks í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu
- Stjórnendateymi skipuleggur og samhæfir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna varðandi sérfræðipjónustu
- Leikskólinn er rekinn fyrir það fjármagn sem honum er úthlutað
- Við ráðningu starfsmanna er gætt að vanhæfni til meðferðar máls vegna ættingja eða tengdra aðila
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir
- Í gögnum kemur fram að lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð
- Sett er upp áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi sem nær til alls starfsfólks
- Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu
- Samráð er milli leikskóla í hverfinu um skipulagsdaga
- Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu SFS/þjónustumiðstöð
- Leikskólastjóri hvetur til og veitir svigrúm fyrir þróunarstarfi í leikskólanum
- Umbótaáætlun byggir á stefnu leikskólans og innra/ytra mati
- Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur leikskólans
- Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans
- Leikskólastjóri hefur forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár
- Í starfsáætlun eru birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast
- Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans
- Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Leiðarljós leikskólans verði gerð sýnileg í leikskólanum fyrir börn, starfsfólk og foreldra
- Að stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans í skólanámskrá
- Stjórnendur sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni helstu hagsmunaaðila
- Stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig unnið er að stefnunni og meti framfarir
- Við ráðningu nýrra starfsmanna verði farið eftir lögbundnu ráðningaferli og aflað upplýsinga frá sakaskrá

- Unnið verði eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna
- Starfsþróunarsamtöl verði tekin árlega og niðurstöður þeirra skráðar
- Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggi fyrir og unnið verði eftir þeim
- Að allt starfsfólk undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu
- Persónuupplýsingar verði varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum
- Að ritaðar verði fundargerðir á formlegum fundum og gerðar aðgengilegar
- Nauðsynlegum upplýsingum verði miðlað til starfsfólks
- Leita leiða til að vera í virku samstarfi við aðila í grenndarsamfélaginu
- Litið verði á foreldra og börn sem samstarfsaðila
- Að leikskólastjóri haldi skrá yfir símenntun og þekkingu einstakra starfsmanna
- Stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu
- Í skólanámskrá verði birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast
- Við gerð skólanámskrárinnar verði haft samráð við börn og foreldra eftir því sem við á
- Skólanámskrá verði lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Skólanámskrá verði birt á heimasíðu leikskólans
- Starfsmannhandbók verði gerð og uppfærð reglulega
- Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggi fyrir og séu aðgengilegar öllum
- Unnið verði eftir verklagsreglum og viðbrögðum við slysum
- Öryggis- og rýmingaráætlun liggi fyrir á deildum
- Starfsfólk fái upplýsingar um verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda
- Áætlun byggð á læsisstefnu verði gerð og unnið verði eftir henni
- Framkvæmdaáætlun um jafnrétti, byggð á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar liggi fyrir og unnið verði eftir henni

UPPELDIS OG MENNTASTARF

Í viðmiðum um uppeldis og menntastarf er fjallað um skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshætti, leik og nám (lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna), námssvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar, mat á námi og velferð barna.

STYRKLEIKAR

- Húsnæðið gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum
- Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir
- Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist
- Rými er til að veita sérfræðipjónustu
- Vinnuaðstaða starfsfólks er góð
- Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingaleitar
- Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum
- Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna í leikskólanum
- Teymi er myndað um börn með alvarleg frávik
- Stöðufundur sérfræðinga, stuðningsaðila og forelda eru haldnir reglulega
- Samstarf og samvinna er við sérfræðinga/sérfræðipjónustu utan leikskólans
- Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að efniviður s.s. bækur, myndir og leikefni endurspegli margbreytileika mannlífsins
- Að börnin fái tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins
- Börn fái tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda
- Leitað verði eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær
- Að ánægja, áhugi og líðan yngri barna séu nýtt sem vísbending í mati á leikskólastarfi
- Leita leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu
- Að fjölbreyttar leiðir séu farnar til að fá fram sjónarmið barna
- Lögð verði enn frekari áhersla á ferlið fremur en afurðina í sköpun
- Unnið verði markvisst með heimamenningu barna
- Að leggja áherslu á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik
- Einstaklingsnámskrár verði gerðar fyrir öll börn sem þurfa sérstakan stuðning og verði endurskoðaðar reglulega
- Allt starfsfólk verði upplýst um sérþarfir barna sem dvelja í leikskólanum
- Að farið verði eftir ákveðnum verkferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni
- Verkferlar vegna sérfræðipjónustu verði skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum
- Áætlun verði gerð um mat á námi og velferð barna
- Reglulegar skráningar verði gerðar á framförum allra barna
- Að mat á námi og velferð barna taki til margra þátta
- Fjölbreytt gögn verði lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna
- Að mat á námi og stöðu barna byggji á samvinnu leikskóla og foreldra
- Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna verði endurmetnar reglulega
- Börn taki þátt í að meta nám sitt

- Börn fá tækifæri til að setja sér markmið
- Börn fá tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi
- Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim
- Skráningar verði varðveittar með skipulögðum hætti

MANNAUÐUR

Í viðmiðum um mannauð er fjallað um hlutverk leikskólakennara, fagmennsku starfsfólks og starfsánægju.

STYRKLEIKAR

- Leikskólakennarar/deildarstjórar eru fyrirmyndir í samskiptum og viðmóti við börn
- Leikskólakennarar/deildarstjórar bera ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra
- Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans
- Farvegur er fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda
- Starfsfólk sækir símenntun
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu
- Starfsfólk hefur trú á gæðum leikskólastarfsins
- Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýtta í starfi
- Starfsfólk telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt
- Vinnuaðstaða er góð að mati starfsfólks

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Leiðbeinendur á deildum fá reglulega endurgjöf og leiðsögn
- Leikskólakennarar veita foreldrum ráðgjöf og fræðslu þegar við á
- Deildarfundir verði haldnir reglulega þar sem viðfangefni þeirra er börn, nám þeirra og staða

LEIKSKÓLABRAGUR

Í viðmiðum um leikskólabrag er fjallað um viðmót og menningu, velferð og líðan barna, þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra.

STYRKLEIKAR

- Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt
- Jákvæður andi og gleði ríkir
- Kurteisi, virðing og umhyggja einkennir samskipti
- Virðing er borin fyrir einstaklingnum og tillit er tekið til ólíkra sjónarmiða
- Börnin eru glöð og áhugasöm
- Milli barnanna ríkir samkennd og virðing
- Samtöl starfsfólks við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi
- Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans
- Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl
- Túlkaþjónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á
- Upplýsingum er miðlað til foreldra með reglubundnum hætti
- Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann
- Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans
- Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns
- Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks
- Foreldrum finnst þeir velkomnir í leikskólann
- Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Reglur verði skýrar, samræmdar og sýnilegar svo að börn þekki þær
- Börn verði þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við
- Að allir foreldrar fái bæklinginn *Velkomin til samstarfs* við upphaf leikskólagöngu barna sinna
- Foreldrar verði hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess
- Starfsfólk verði lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýti fjölbreyttar leiðir til samskipta
- Verkferill verði gerður þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál
- Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum verði settar á heimasíðu leikskólans
- Foreldraráð fundi reglulega og setji sér starfsáætlun og vinnureglur
- Fundir foreldraráðs verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans
- Fulltrúar í foreldraráði eigi samráð við foreldrahópinn þegar við á
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólahald og leikskólaþróun verði lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar

INNRA MAT

Í viðmiðum um innra mat er fjallað um skipulag og viðfangsefni, gagnaöflun og vinnubrögð, opinbera birtingu og umbætur.

STYRKLEIKAR

- Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótum
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Í skólanámskrá verði fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf
- Að áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggi fyrir
- Mat á starfsháttum fari fram reglulega
- Mat og ígrundun leikskólakennara og annara starfsmanna á eigin starfsháttum verði liður í daglegu starfi þeirra
- Í skólanámskrá verði fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin
- Öll markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti
- Leiðir að markmiðum s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar eru hluti af innra mati
- Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um árangur sem stefnt er að
- Í greinargerð um innra mat verði fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst
- Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun
- Gætt verði að því að innra matið byggji á margvíslegum gögnum
- Ef fyrir liggja niðurstöður úr ytra mati verði þær nýttar í innra matið
- Starfsfólk leikskólans taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsörðun í innra mati
- Foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsörðun í innra mati t.d. með aðkomu foreldraráðs
- Framkvæmd innra mats verði samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum
- Við öflun gagna verði leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli
- Að samræður um niðurstöður innra mats eigi sér stað um þróun og umbætur og allir hagsmunaaðilar komi að því samtali (starfsfólk, foreldrar og börn)
- Greinargerð um innra mat verði birt á heimasíðu leikskólans
- Í greinargerð um innra mat komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður
- Í greinargerð um innra mat verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Niðurstöður úr innra mati verði formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum
- Umbótaáætlanir verði birtar á heimasíðu leikskólans
- Umbótaáætlun verði í samræmi við greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Áætlanir um umbætur verði bornar undir foreldraráð og skóla- og frístundasvið
- Umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verlag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verlag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verlag.